



Fundur í stjórn Þekkingarsetursins á Blönduósi 26.03.2013.

Fundinn sátu: Arnar Þór Sævarsson, Þóra Sverrisdóttir, Elín Sigurðardóttir, Hörður Ríkharðsson, Valgarður Hilmarsson, Erla Björk Örnólfsdóttir, Jóhanna Halldórsdóttir, Katharina Schneider.

Dagskrá:

1. Staða verkefna
2. Stjórnarmál
3. Starfsmannamál
4. Önnur mál.

Arnar setti fund, bauð fundarmenn velkomna, síðan var gengið til dagskrár.

1. Katharina fór yfir stöðu verkefna hjá starfsmönnum. Cat er að undirbúa ráðstefnu á Hólum. Haldinn var sameiginlegur fundur með þekkingarsetrum og vísindastofnunum við Húnaflóa og heppnaðist hann vel, rætt var um samstarf og að þróa Húnaflóaverkefni þar sem áherslan er á svæðið umhverfis Húnaflóa. Sótt hefur verið um styrk til vaxtarsamningsins og verður hún tekin fyrir með vorinu. Greint var frá styrkumsóknum Cat til þess að geta ráðið nema til starfa við rannsóknir í sumar. Katharina og Cat fóru til Ísafjarðar og funduðu með Háskólasetri Vestfjarða vegna verkefna og mögulegs samstarfs og gekk sú heimsókn vel. Þi greina kemur að Cat kenni fyrir setrið. 24. apríl verður japanskt kvöld í samstarfi við Laxasetrið, gestir munu koma m.a. Gunnella og verða með erindi. Dan er í sínu verkefni og er gott að fréttu af því, til greina kemur að hann fái rannsóknaraðstöðu í Laxasetrinu. Gunnar vinnur að ýmsum praktískum verkefnum varðandi tæknimál ofl. auk þess sem þarfagreiningarverkefnið er í gangi.

Félagsvísindastofnun bauð í þarfagreininguna um háskólamenntunina. Sótt hefur verið um styrk til Vinnumarkaðsráðs, einnig er líklegt að SSNV og Farskólinn verði aðilar að verkefninu.

Búið er að ráða Jóhönnu Pálmadóttur í 3 mánaða verkefni við að byggja upp Listamiðstöð. Fer vel af stað.

Búið er að gera samning við Farskólann um námsver. Til stendur að fara á fund til Akureyrar með starfsmönnum stofnunar Vilhjálms Stefánssonar en þar er fengist við norðurslóðamál, rætt verður um möguleg samstarfsverkefni ofl. Starfsmenn eru farnir að huga að Húnavöku.

Rætt var um að margs konar starfsemi er fyrirhuguð í Kvennaskólanum og getur orðið flókið að koma því þannig fyrir að öllum þörfum sé mætt og

gott samþýli takist milli aðila. Rætt var mikið um hina ýmsu starfsemi sem fyrirhuguð er á næstu árum, dreifnám ofl. Rætt var um Textílsetrið, starfsemi þessi og gistingu ofl. Kynnt var að Textílsetrið er með samning við húseigendur um að leigja út gistiaðstöðu en sú stefna hefur verið mörkuð að aðeins megi leigja þeim sem eru í saumaskap, rannsóknar og vísindaerindum á sviði textíls. Fram kom sú skoðun að aðeins sé viðeigandi að aðilar í rannsóknar og vísindaerindum fái gistingu, ferðamönnum og fólki í afþreyingarerindum beri að vísa annað.

2. Skipuð hefur verið framkvæmdastjórn, stjórn hittist þess vegna sjaldnar. Nauðsynlegt er að umboð framkvæmdastjórnar sé skýrt. Framkvæmda-stjórn hrindir í framkvæmd ákvörðunum stjórnar samkvæmt þeirri stefnumörkun sem fyrir liggur. Fram kom að stefna ber að því á aðalfundi að breyta samþykktum þannig að stofnað verði eins konar fulltrúaráð sem hittist tvisvar á ári en framkvæmdastjórn stjórnari í þess umboði á milli funda.

3. Dvalarleyfi Cat og Dan þarf að endurnýjast nú á vormánuðum og þarf því að endurnýja samninginn við Hólaskóla um starf Cat. Cat starfar nú við fiskeldiseild Hólaskóla. Fram koma að Cat mun fara í fæðingarorlof á haustmánuðum. Rætt var um að breyta þarf fyrirkomulagi þar sem Hólaskóli mun ekki geta haft hana í stöðu við skólann eftir 31. maí. Katharina mun ræða við Cat og Erlu um frekari útfærslur á hennar störfum. Framlengja þarf samning við Dan og var það samþykkt.

4. Húsaleigusamningur er tilbúinn og gert ráð fyrir 90.000 kr. í leigu á mánuði. Helst þarf að kaupa rannsóknarsmásjá en hún er dýr. Kanna þarf frekar hvaða lausnir eru í boði. Sumir stofnaðilar eiga eftir að borga stofngjald Þekkingarsetursins. Katharina telur að starfið gangi vel og starfsmennirnir standi sig vel og séu duglegir. Huga þarf að aðalfundi. Rætt var um framkomna hugmynd um sameiningu Hafisseturs og Laxaseturs, fundarmenn voru einhuga um að þetta væri áhugaverð hugmynd sem gott væri að unnin yrði frekar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.